

ÍBV-íþróttafélag

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar

Efni: Umsókn um leyfi til reksturs tjaldsvæðis á Týsvelli vegna Þjóðhátíðar 2026

ÍBV-íþróttafélag (ÍBV) sækir hér með um leyfi til að reka tímabundið tjaldsvæði á Týsvelli dagana 30. júlí til 3. ágúst 2026 í tengslum við Þjóðhátíð.

Ástæða umsóknarinnar er sú að ÍBV hefur ekki fengið leyfi til að reka tjaldsvæði inni í Herjólshöll á sama tímabili. Félagið telur mikilvægt að geta boðið gestum upp á skipulagt og öruggt tjaldsvæði í nálægð við þá afþreyingu og viðburði sem fyrirhugaðir eru á svæðinu við Týsheimilið á meðan hátíðin stendur yfir.

Áætlaður fjöldi gesta á tjaldsvæðinu er á bilinu 500–800 manns. Gert er ráð fyrir fullnægjandi aðstöðu fyrir gesti, þar á meðal nægum aðgangi að salernum og annarri nauðsynlegri þjónustu. ÍBV mun sjá til þess að umsjón, öryggismál, umgengni og frágangur svæðisins verði með þeim hætti sem samræmist kröfum bæjaryfirvalda.

Óskað er eftir jákvæðri afgreiðslu umsóknarinnar og er ÍBV reiðubúið að veita frekari upplýsingar eða gögn ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

Fh. ÍBV-íþróttafélags

Ellert Scheving Pálsson, framkvæmdastjóri